



Styrkir til doktorsnema

Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala auglýsir lausa til umsókna **tvö rannsóknarstyrki** til doktorsnáms tengda Rannsóknarstofu Landspítala og Háskóla Íslands í öldrunarfræðum (RHLÖ).

Styrkirnir sem eru áætlaðir fyrir rannsóknarverkefni á sviði öldrunarfræða eru að upphæð 11 milljónir sem greiddar eru skv. framvindu á þriggja ára tímabili.

Auk styrksins, sem áætlaður er til 3 ára fær doktorsneminn starfsaðstöðu við RHLÖ. Skilyrði fyrir veitingu styrks er að rannsóknin sé unnin að stofni til við RHLÖ.

Doktorsnemi og leiðbeinandi geta komið frá hvaða námsbraut sem er innan Háskóla Íslands (HÍ) eða deild Landspítala (LSH) *eða annarri þeirri stofnun sem metin er til jafns á við HÍ eða LSH.*

Doktorsneminn þarf að leggja fram rannsóknaráætlun sem miðast við form umsókna fyrir vísindastyrki Landspítala. Auk þess þarf að leggja fyrir samþykkt um doktorsnám frá viðkomandi háskóladeild. Doktorsnám sem þegar hefur verið hafið skal ekki vera lengra komið en sem nemur um það bil fjórðungi verkefnis.

Leiðbeinendur doktorsnema geta sótt um styrk fyrir doktorsnemaverkefni, með því fororði að doktorsnemi taki við verkefninu innan sex mánaða frá veitingu styrks.

Með ofangreindum hætti vill Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala efla doktorsnám á sviði öldrunarfræða. Þannig er vonast til að lifandi samfélag myndist um öldrunarrannsóknir þar sem doktorsnemar geta haft stuðning hver af öðrum.

Umsóknir verða metnar af sjálfstæðri vísindanefnd.
Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2022.

Frekari upplýsingar veitir **Pálmi V. Jónsson**, prófessor, formaður stjórnar Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala sími: 543-9410, netfang: palmivj@landspitali.is og **Hrafnhildur Eymundsdóttir**, verkefnastjóri RHLÖ sími: 543-9871, netfang: hrafnhie@landspitali.is

Senda skal umsókn á netfangið palmivj@landspitali.is

